

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Ellisif Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 23. febrúar 2023
UST202302-244/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag – Bíldsfell 1 í Grímsnes- og Grafningshreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps er barst 15. Febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Bíldsfell 1 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir 30 lóðum þar sem heimilt er að byggja eitt frístundahús, eitt aukahús að hámarksstærð 40 m² og geymslu að hámarki 15 m². Nýtingarhlutfall er 0,03 á hverri lóð.

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortasjá¹ Náttúrufræðistofnunar Íslands er innan skipulagssvæðisins votlendi sem fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Einnig, eins og kemur fram í greinargerð, eru votlendisvistgerðir innan skipulagssvæðisins sem hafa mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem ber að vernda.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdir á og við lóðir 11, 13 og 23 muni hafa áhrif á votlendið. Auk þess liggur vegur að Ferjuholti á austurhluta svæðisins um votlendi og mun hann raska því. Varðandi votlendið sem umlykur veginn, er ekki vandalaust að setja ræsi, sérstaklega ef vegurinn á ekki að vera mjög þykkur, en þarna þarf burðamikinn veg til að komast að hverfinu á bakkanum. Einnig er hætta á að þarna verði fyrirstaða ef land er slétt að mati Umhverfisstofnunar.

Að mati stofnunarinnar mun framkvæmdin raska votlendi sem fellur undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga og þar af leiðandi hafa neikvæð áhrif á það.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Því vill stofnunin vekja athygli á því að ef endanleg tillaga verkefnisins gerir ráð fyrir raski á votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga þarf að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á votlendum. Eins og tillagan er lögð fram virðist eini tilgangurinn með veginum vera aðkoma að einungis sex frístundalóðum.

¹ <https://serstokvernd.ni.is/>

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Náttúruminjaskrá

Svæðið sem er hér til umfjöllunar er að hluta til á náttúruminjaskrá og nefnist það *Alviðra og Sog* og afmarkast það m.a. á Soginu, með 200 metra spildu beggja vegna árinna. Því liggur byggðin við Ferjuholt innan verndarsvæðisins. Hægt er að sjá afmörkun svæðisins á kortasjá NÍ.² Svæðinu er lýst sem svæði með fjölbreyttum gróðri og fuglalífi og sem útivistarsvæði.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um svæðið í tillögunni og hver áhrif tillögunnar eru á verndarsvæðið.

Hverfisverndarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á að þó svo að byggingareitir skipulagsins liggi á jaðarmörkum hverfisverndarsvæðisins „*Sogið ásamt bökkum*“ sem er hverfisverndað vegna gróðurfars og fuglalífs, þurfi að meta hver áhrif tillögunnar eru á hverfisverndarsvæðið. Á heimasíðu NÍ³ segir að helstu ógnir við Sogið sé mikil og vaxandi frístundabyggð, víða of nærri ár- og vatnsbökkum, og lífræn mengun sem henni fylgir.

Forsendur

Í greinargerð aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 (bls. 14) segir að frístundabyggð verði *utan* svæða sem mikilvægt er að vernda vegna náttúrufars.

Umhverfisstofnun bendir á að hér er verið að deiliskipuleggja frístundabyggð *innan* svæða sem eru á náttúruminjaskrá, með vistgerðir með mjög hátt verndargildi, þar sem er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og á jaðri hverfisverndarsvæðis sveitarfélagsins.

Umhverfisstofnun tekur undir þá stefnu sveitarstjórnar þar sem segir að frístundabyggð verði *utan* svæða sem mikilvægt er að vernda vegna náttúrufars.

² <https://natturuminjaskra.ni.is/>

³ <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/sogid-thingvallavatn>



UMHVERFIS
STOFNUN

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur